



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

bergblind@utu.is

Re: Fw: 1804009 - umsagnarbeiðni varðandi lýsingu deiliskipulags Sogsvirkjana

Sent: 06.06.2018 18:01:41 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018050019, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2018050019

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir Sogsvirkjanir.

Eins og kemur fram í skipulagslýsingunni þá snýst gerð nýs deiliskipulags í meginráttum um að staðfesta núverandi landnotkun og hafa samþykkt deiliskipulag fyrir starfsstöðvar Sogsvirkjana.

Náttúrufræðistofnun telur að í skipulagslýsingunni komi fram þeir þættir sem fjalla þarf um í deiliskipulagi þ.m.t. áherslur í umhverfismati.

Í ljósi þess að um er að ræða að staðfesta núverandi landnotkun að mestu leiti sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún er sett fram en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum ef þess er þörf.

Að öðru leiti vill Náttúrufræðistofnun benda á **til upplýsingar að** í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðahóltsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 15.05.2018 10:56:21  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: 1804009 - umsagnarbeiðni varðandi lýsingu deiliskipulags Sogsvirkjana

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 15.05.2018 10:56 -----

From: Berglind Sigurðardóttir <berglind@utu.is>  
To: "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "olb@vegagerdin.is" <olb@vegagerdin.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>  
Date: 14.05.2018 15:42  
Subject: 1804009 - umsagnarbeiðni varðandi lýsingu deiliskipulags Sogsvirkjana

---

Góðan dag

Óskað er eftir umsögn sjá meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir Sogsvirkjanir .

*Með kveðju,  
Berglind*

---

Berglind Sigurðardóttir  
Skipulagsfulltrúi

**Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.**

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [berglind@utu.is](mailto:berglind@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is)